

Deiliskipulag af svæði sunnan Miðbrautar í Búðardal

Samantekt athugasemda og viðbrögð við þeim. Tillagan var auglýst frá 19. desember 2024 til og með 28. febrúar 2025. Umsagnir og athugasemdir bárust og er hér gerð grein fyrir efni þeirra og viðbrögðum við þeim.

Ingibjörg Jóhannsdóttir og Þórður Már Svavarsson.	Hér er athugasemd frá okkur íbúum Miðbrautar 2 og Miðbrautar 5 í Búðardal v auglýsingar á deiliskipulagi af svæði sunnan Miðbrautar í Búðardal. Einnig langar okkur íbúum Miðbrautar 2 að fá fund vegna lóðaskiptingar hjá okkur, lóðaafmörkunin er eitthvað allt annað en okkur var kynnt þegar við keyptum húsið 1998. Búðardal 23. feb 2025 Efni: athugasemd við auglýst deiliskipulag af svæði sunnan Miðbrautar í Búðardal. Við undirrituð húseigendur að Miðbraut 2 og Miðbraut 5 erum mjög ósátt við fyrirhugaða breytingu á lóð nr. 4 við Miðbraut þ.e. að þar verði sett upp spennistöð. Við teljum að svona spennistöð sé ekki æskileg í íbúðarhverfi og það rétt við svefnherbergi íbúðar og hafi neikvæð áhrif á heilsu manna, með þessum breytingum er verið að færa spennistöð úr eldra húsnaði nær íbúðarhús. Virðingarfyllt Viðbót við athugasemdir eftir fund með lóðarhöfum Miðbrautar 2: - Eigendur Miðbrautar 2 munu senda gögn um lóð sína, en lóðamörk Miðbrautar 2 skv. deiliskipulagstillögu er nokkuð frábrugðin þeirra gögnum. Lóðamörk til vestur og suðurs taka ekki mið af gróðri og núverandi nýtingu. - Athugasemdaraðilar vilja að spennistöð verði fundin staður fjær íbúðarhúsum og þá megi horfa til Miðbrautar 6 sem heppilegri stað. Telja nálægð spennistöðvar hafa neikvæð áhrif á virði fasteigna og áhrif spennistöðva á heilsufar séu ekki ljós.
Viðbrögð Dalabyggðar	Lóðin Miðbraut 4 er 157 fm skv. fasteignaskrá og er afmörkun hennar í deiliskipulaginu miðuð við þá skráningu. Með tillit til athugasemda eru lóðamörk Miðbraut 2 lagfærð til vesturs og suðurs.

	- Byggingareitur á lóð Miðbrautar 4 verður minnkaður og færður fjær lóðamörkum Miðbrautar 2. Varðandi áhrif spennistöðva Algengt er að litlar spennistöðvar séu í íbúðargötum og má sem dæmi nefna spennistöðina við Stekkjahvamm 3 í Búðardal. Geislavarnir ríkisins hafa gert athugun á segulsvið við spennistöðvar og birt í skýrslu útgefinni í apríl 2021 á vef stofnunarinnar; https://assets.ctfassets.net/8k0h54kbe6bj/6BI9GDOLWmCmmQX2QfmvEN/7620cfd9014a2b0a9eb7ec18de3034ab/GR2101-Skyrsla-um-maelingar-a-spennistodvum.pdf Samkvæmt mælingum Geislavarna ríkisins við vegg 29 spennistöðva mældist styrkur rafsegulsviðs í öllum tilvikum undir viðmiðunarmörkum – var hæsta mæligildi 35% af viðmiðunargildi. Í skýrslu segir: „<i>Niðurstöður mælinganna benda til þess að spennistöðvar valda engri eða mjög lítilli hækkun á styrk segulsviðs í íbúðarhúsnæði, sé það staðsett í að lágmarki nokkurra metra fjarlægð frá spennistöð, enda lækkar styrkur rafsegulsviðsins hratt með fjarlægð.</i>“ - Umhverfis- og skipulagsnefnd telur ekki forsendur til falla frá spennistöð eða flytja hana yfir á aðrar lóðir.
Vegagerðin 7.1.2025	Vegagerðin hefur yfirfarið fyrirhuguð áform, skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, í samræmi við hlutverk stofnunarinnar og gerir ekki athugasemd. Stofnunin bendir á að Vegagerðin tekur ekki þátt í kostnaði við t.d. hljóðmanir og annað slíkt. Framkvæmdir innan veghelgunarsvæðis eru háðar leyfi Vegagerðarinnar.
Viðbrögð Dalabyggðar	Kallar ekki á breytingu auglýstrar tillögu.
Minjastofnun Íslands 27.1.2025	Bendir á að engin fornleifaskráning hafi farið fram við aðalskipulagsgerð. Gerð var fornleifaskráning vegna deiliskipulags 2019 þar sem skráðar voru minjar við Borgarbraut 7 sem ná inn á þetta deiliskipulagssvæði. Minjastofnun gerir kröfu um að fornleifaskráning fari fram með vísan til 16. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012.

	Athygli vakin á 2. mgr. 24. gr. laganna sem segir: „Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmdir verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun láta framkvæma vettvangskonnnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins.“
Viðbrögð Dalabyggðar	Skráðar minjar sunnan Borgarbrautar 7 eru merktar inn á deiliskipulagsuppdrátt ásamt helgunarsvæði. Í samræmi við ákvæði laga um menningarminjar nr. 80/2012, verður gerð krafa um skráningu minja á vettvangi áður en leyfi til framkvæmda eru veitt á grundvelli deiliskipulagsins. sbr 1. mgr. 16. gr: <i>Áður en deiliskipulag er afgreitt eða leyfi til framkvæmda eða rannsókna er gefið út skal skráning ætíð fara fram á vettvangi.</i>
Heilbrigðiseftirlit Vesturlands 13.2.2025	Eftirfarandi er umsögn heilbrigðiseftirlitsins við ofangreinda tillögu. Við endurnýjun fráveitulagna og við nýlagnir er æskilegt að regnvatn verði aðskilið og leitt í blágrænar ofanvatnslausnir. Stefna ætti almennt að þessu í sveitarfélaginu þannig að regnvatn fari ekki í skólplagnir sveitarfélagsins.
Viðbrögð Dalabyggðar	Dalabyggð telur blágræna ofanvatnslausnir ekki hentugar í Búðardal vegna leirkennds jarðvegs í bæjarlandinu, því er gert ráð fyrir regnvatnskerfi eins og fram kemur í kafla 3.15 <i>Veitur og lagnir</i> í deiliskipulaginu. Umhverfis-og skipulagsnefnd leggur til að þessum skilmálum um veitur verði ekki breytt frá auglýstri tillögu.
Rarik 17.2.2025	RARIK hefur mótekið erindi yðar dags. 19.12.2024og hefur farið yfir tillöguna í samræmi við hlutverk stofnunarinnar og gerir ekki athugasemd við gerir ekki athugasemd við hana.
Viðbrögð Dalabyggðar	Kallar ekki á breytingu auglýstrar tillögu.